

Nd.

56. Breytingartillögur

[17. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Skúla Guðmundssyni.

Við 1. gr. frv. bætist:

1. Á eftir C. 3 í 2. gr. laganna koma nýir liðir:
 - a. *Vesturárdalsvegur*: Af Miðfjarðarvegi norðan Vesturár um Kollafoss að Húki.
 - b. *Heggstaðanesvegur*: Af Norðurlandsvegi vestan Miðfjarðarár að Bálkastöðum.
 - c. *Austursiðuvegur*: Af Norðurlandsvegi austan Miðfjarðarár um brú á Austurá og Núpsá á Miðfjarðarveg.
 - d. *Austurárdalsvegur*: Frá Austurárbrú um Hnausakot að Aðalbóli.
2. Á eftir C. 6 í sömu grein koma nýir liðir:
 - a. *Ásabæjavegur*: Af Vesturhópsvegi hjá Þorfinnsstöðum að Stóru-Borg.
 - b. *Fitjavegur*: Af Norðurlandsvegi á Miðfjarðarhálsi um Hrísa að Fremri-Fitjum.
 - c. *Viðidalsvegur*: Af Norðurlandsvegi á Miðfjarðarhálsi um Viðidalstungu og brú á Viðidalsá að Kolugili.